

Um bókina Lög um fiskeldi – „Þetta hefur eftirmála“

Tilgangur

- *Heilstætt yfirlit:* Í bókinni verður m.a. farið yfir vinnubrögðin og spillinguna við undirbúning og gerð laga um fiskeldi. Hvernig ákveðnir aðilar náðu að skapa sjálfum sér og sínum mikinn fjárhagslegan ávinning o.s.frv.
- *Gagnagrunnur:* Bókin verður með rafræna tengingu inn á fjölda heimilda, greinagerða, upplýsingabanki fyrir þá sem vilja vinna áfram með einstaka þætti málsins.
- *Halda mönnum upplýstum:* Bók verður lifandi skjal þar sem einstakir kaflar verða uppfærðir eftir því sem viðbótarupplýsingar koma inn og bætt við nýjum kafla fyrir hvert ár.

Heimildaöflun

- *Skriflegar heimildir:* Megin áhersla verður að styðjast við skriflegar, birtar og óbirtar heimildir. Það veður kallað eftir frekari gögnum með tilvísun til upplýsingalaga á næstu mánuðum og árum.
- *Samtal:* Til að fylla upp í skörð þar sem skriflegar heimildir eru engar eða litlar verður rætt við fjölda manns. Heimildamenn geta valið um hvort þeir vilja láta nafns síns getið eða gætt verði nafnleyndar.
- *Rannsóknaskýrslur:* Gerðar verða ítarlegar rannsóknaskýrslur um afmörkuð mál eins og t.d. hvert laxeldisfyrirtæki, sem samantekt verður tekin úr og vísað til í bókinni


Bókin

- *Tímaröð:* Bókinni verður skipt niður í fjölmarga kafla og fyrstu kaflarnir munu lýsa vinnubrögðunum og stöðinni á árunum 2016 og 2017. Í framhaldinu verður framgangi mála lýst ár eftir ár og þannig er hægt að bæta stöðugt nýjum köflum við bókina á næstu árum.
- *Stutt og hnitmiðað:* Reynt verður að hafa efnið stutt og hnitmiðað með myndrænum skýringum og til nánari skýringa vísað til rafrænna heimilda.

Birtingar

- *Rýni:* Þegar lokið er við að skrifa einstaka rannsóknaskýrslur eða kafla í bókinni verður ákveðnum aðilum gefinn kostur að lesa yfir, leiðrétta, bæta við, og gera athugasemdir. Tekið verður tillit til allra réttmætra athugasemda og ábendinga.
- *Birtingar:* Rannsóknaskýrslur verða birtar á þessu ári. Einstaka kaflar í bókinni byrja að birtast í byrjun næsta árs og stefnt er að því að fyrsta útgáfa bókarinnar verði komin út í lok ársins 2023.
- *Endurskoðun:* Gera má ráð fyrir að það gangi misjafnlega að afla gagna um ákveðin mál og tímasteið. Þegar nýjar upplýsingar berast verður viðkomandi kafla bókarinnar endurskoðaður og útgáfa númer tvö gefin út o.s.frv. Þannig verður rannsóknin og bókin sennilega án fordæma.

Heiti bókarinnar „Þetta hefur eftirmála“ tekur mið af SMS frá Kjartani Ólafssyni, stjórnarformanni Arnarlax og fulltrúa í opinberum stefnumótunarhópi eftir að höfundur sendi inn athugasemdir við fiskeldisfrumvarpið snemma á árinu 2019.



Valdimar Ingi Gunnarsson
Sjávarútvegsþjónustan ehf.